

Tímabundin landnotkunarheimild
um íþróttasvæði (ÍÞ)

**Lýsing skipulagsgerðar,
umhverfismat og drög
að tillögu**

Lagt fram sbr. 1–2. mgr 30. gr. skipulagslaga
nr. 123/2010



1. Inngangur.....	3
2. Helstu forsendur	4
3. Markmið og tilgangur	7
4. Stefna og skipulagsákvæði til endurskoðunar – drög að tillögum.....	8
5. Umhverfisáhrif aðalskipulagsbreytingar.....	10
7. Samráð og kynningar	11
8. Umsagnar- og hagaðilar.....	12
9. Viðaukar.....	13

1. Inngangur


Með þessari verklýsingu eru boðaðar breytingar á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 (AR040) sem varða núverandi skotæfingasvæði á Álfsnesi. Þær lúta að því að skapa skilyrði fyrir starfsemi Skotfélags Reykjavíkur (SR) og Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis (SKOTREYN) til skemmri tíma litið, meðan fundin er framtíðar staðsetning fyrir félögin. Nýverið var skipaður starfshópur sem ætlað er að kanna framtíðarvalkosti fyrir „miðstöð skotíþrótt“ á höfuðborgarsvæðinu. Sú athugun verður m.a. unnin í samráði við einstök skotíþróttafélög, félagasamtök skotveiðimanna, Skotíþróttasamband Íslands og aðra fulltrúa ríkisins og nágrannasveitarfélögin. Ætlunin er að setja fram tillögur um mögulega valkosti fyrir mitt ár 2023.¹

Ljóst má vera að það mun taka nokkurn tíma að klára endanlegt staðarval, undirbúa nýtt svæði, semja við landeigendur, vinna skipulag og umhverfismat og hanna og undirbúa framkvæmdir. Því er mikilvægt að skapa örugg skilyrði í AR2040, þannig að mögulegt verði að gefa út starfsleyfi til félaganna til skemmri tíma litið. Í tillögum að breytingum verður skert á þeim forsendum sem nú þegar eru til staðar í AR2040, um mögulega endurnýjun starfsleyfa skotfélaganna, og er það gert í ljósi þess úrskurðar sem féll í málinu hjá úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála nýlega.²

Þar sem um afmarkaða breytingu er að ræða og megin forsendur hennar liggja þegar fyrir, fylgir verklýsingunni einnig fyrstu drög að útfærslu væntanlegrar tillögu, sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 (sjá kafla 4). Í skjalinu er einnig gerð grein fyrir helstu umhverfisáhrifum skotæfingasvæðanna (sjá kafla 5) en umrædd starfsemi fellur þó ekki undir lög nr. 111/2021 um umhverfismat áætlaða og framkvæmda.

¹ Sjá erindisbréf borgarstjóra dagsett 13. janúar 2023 í *Viðauka*. Í bígrið er einnig að endurskoða aðalskipulag fyrir Kjalarnes og önnur dreifbýl svæði innan Reykjavíkur, eins og áður hefur verið boðað, og á þeim vettvangi verður einnig fjallað um framtíð skotæfingasvæðanna. Vegna fyrri kæra og niðurfellingu starfsleyfa hefur staðarval til framtíðar verið til skoðunar á undanförunum árum hjá embætti Skipulagsfulltrúa, án þess að það hafi leitt til niðurstöðu.

² Sjá úrskurð ÚUA, dagsettur 30. desember 2022 og varðar starfsleyfi fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis (SKOTREYN), en í breytingartillögu þarf einkum að skerpa stefnuákvæðum varðandi svæði þess félag.



Mynd 1. Afmörkun skotæfingasvæða á Álfsnesi, sbr. samningur frá 2003. Alls er um að ræða 40 ha svæði og hefur Skotfélag Reykjavíkur til umræða um 27 ha (b) og Skotreyrn 13 ha (c). Áætlað er að 6-8 þúsund manns noti skotæfingasvæðin á ári. Á svæðinu fer einnig fram próftaka á vegum Lögreglu höfuðborgarsvæðisins (LRH) og hreindýrpróf Umhverfisstofnunar. Svæði merkt a á myndinni var tekið frá til akstursíprótta.

2. Helstu forsendur

Forsaga:

Á utanverðu Álfsnesi eru tvö skotfélög með aðstöðu; Skotfélag Reykjavíkur (SR) sem er íþróttafélag og Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis (SKOTREYN) sem er félag skotveiðimanna (sjá Mynd 1). Fyrirnefnda félagið er elsta íþróttafélag landsins, stofnað 2. júní 1867 og eru félagsmenn þess um 1.500 en almennir iðkendur mun fleiri. Þegar loka þurfti aðstöðu Skotfélags Reykjavíkur í Grafarholti árið 2000, vegna uppbyggingar íbúðarhverfis, var í kjölfarið gerður samningur við félagið um umrætt landsvæði í Álfsnesi.³ Áður höfðu verið kannaðir hátt í 20 aðrir staðarvalkostir. Skipulag svæðisins var teiknað upp árið 2003 og var þá einnig gert ráð fyrir aðstöðu fyrir SKOTREYN á svæðinu. Svæðið var ekki tekið formlega í notkun fyrr en árið 2008. Aðstaða á svæðinu hefur verið byggð upp og kostuð af Reykjavíkurborg og hefur töluverðu verið kostað til vegna landmótunar og annarra mannvirkja.⁴ Segja má að skotsvæðið á Álfsnesi komist næst því að vera þjóðarleikvangur skotiþróttá á Íslandi og var það m.a. notað sem keppnisvöllur á Smáþjóðaleikunum árið 2015. Opnunartími á svæðinu hefur jafnan verið takmarkaður, til að koma til móts við umkvartanir vegna ónæðis og er SR heimilt að halda aðeins 4 keppnismót á ári.

Framtíð skotæfingasvæðanna hefur lengi verið í óvissu. Aðalskipulag Reykjavíkur (AR2024, AR2030, AR2030) hefur ekki gert ráð fyrir tilvist skotvalla til lengri framtíðar lítið, vegna árekstra við framtíðar landnotkun. Skotvellirnir rekast nú á við framtíðar iðnaðarsvæði (I2) á norðvestanverðu Álfsnesi og framtíðarlegu Sundabrautar. Vegna þessarar framtíðarsýnar í aðalskipulagi hafa ekki verið forsendur til að gera deiliskipulag fyrir æfingasvæðin.


³ Samningur dagsettur 13. nóvember 2003. Með honum fylgdu drög að skipulagi svæðisins, sbr. mynd 1, sem þó voru ekki lögð fram sem deiliskipulag samkvæmt skipulagslögum. Drögin voru þó samþykkt í viðkomandi ráðum borgarinnar.

⁴ Sem dæmi hefur verið fluttur mikill jarðvegur á svæðið, einkum vegna hljóðmana, til að minnka hljóðmengun gagnvart byggð á Kjalarnesi. Byggð hefur verið tengibygging milli félagsheimilanna, byggðir 6 kasturnar undir leirdufuvélar, ólympískir Skeet-haglabussuvellir eftir ÓL-reglum og byggð ríffilskýli, auk uppbyggingar annars húsakosts.

Gildandi ákvæði um skotæfingasvæðin og heimildir um endurnýjun starfsleyfa í AR2040:

Skotfélag Reykjavíkur (SR) er með aðstöðu á utanverðu nesinu og er starfsemi þess einkum innan svæðis sem til framtíðar litið er ráðgert sem iðnaðarsvæði (I2). Í grennd við svæðið er einnig veghelgunarsvæði Sundabrautar og græn útvistarsvæði með strandlengjunni (OP28). Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis er vestan svæðis SR, í jaðri umrædds iðnaðarsvæðis, en einkum á veghelgunarsvæði Sundabrautar og útvistarsvæðinu OP28.

Fyrir rúmu ári síðan, við samþykkt AR2040, voru sett inn sérstök ákvæði um skotæfingasvæðin og þeim skeytt við landnotkunarskilgreiningu fyrir umrætt iðnaðarsvæði (I2). Þar er kveðið á um að heimilt sé að stunda skotíþróttir tímabundið innan svæðisins, enda sé sú starfsemi þegar til staðar á svæðinu: „Framtíð skotæfingasvæðis, sem nú er á svæðinu, verður viðfangsefni í endurskoðun aðalskipulags á Kjalarnesi og opnum svæðum utan þéttbýlis, sbr. umfjöllun í Inngangi. Þar til endurskoðun hefur farið fram er heimilt að endurnýja leyfi skotæfingasvæðisins til skemmri tíma, sbr. ákvæði í kafla 20.4.“ (bls. 103)⁵



Mynd 2. Afmörkun skotæfingasvæða á Álfsnesi, m.t.t. stefnu AR2040 um framtíðarlandnotkun og legu Sundabrautar. Skotfélag Reykjavíkur (b) er með megin aðstöðu og starfsemi innan svæðis sem til framtíðar litið er ráðgert sem iðnaðarsvæði (I2, grátt). SKOTREYN (c) er með aðstöðu í jaðri umrædds iðnaðarsvæðis en svæði þess er einkum á útvistarsvæði (OP28) og liggur í fyrirhuguðu vegstæði Sundabrautar.

Í AR2040 (kafla 20.4) er einnig að finna almennt ákvæði, grundvallað á grein 6.1 í skipulagsreglugerð, um endurnýjun starfsleyfa á þróunarsvæðum, þar sem óvissa ríkir um framkvæmd og tímasetningu framtíðarlandnotkunar. Það kveður á um að heimilt sé að endurnýja starfsleyfi fyrir rekstur og starfsemi sem er til staðar til

⁵ Viðkomandi landnotkunarákvæði grundvallast á grein 6.1. í skipulagsreglugerð, þar sem segir: „Ef nýtt skipulag felur í sér breytingu á stefnu um landnotkun á tilteknum reit skal gerð grein fyrir því hvenær og hvernig breytingin kemur til framkvæmda og hvað gildir fram að því. Þetta getur t.d. átt við um svæði sem skilgreina á sem þróunarsvæði.“ Hér er vísað sérstaklega til þróunarsvæða, sem iðnaðarsvæði I2 er klárlega, þ.e. svæða sem ætlunin er að umbreytist og færast yfir í aðra landnotkun á skipulagstímabili aðalskipulags. Fyrir liggur að ekki kemur til uppbyggingar á umræddu iðnaðarsvæði á næstu árum og líklegt að skipulagning þess verði skoðuð í samhengi við framvindu Sundabrautarframkvæmdar.

skemmri tíma litið, en það sé ávallt háð mati og nánari upplýsingum um tímasetningu og framvindu uppbyggingar skv. framtíðar landnotkun. Umrætt ákvæði, sbr. einnig sér skilgreining 12, var hugsað til að skerpa á réttarstöðu þeirra fyrirtækja og rekstraraðila og annarra leyfishafa, sem búa við slíka óvissu.⁶ Í umræddu ákvæði segir „að almennt verði mögulegt að endurnýja starfsleyfi einstakra rekstraraðila til skemmri tíma, enda gildistími starfsleyfis vel innan tímamarka gildandi skipulagstímabils og uppbygging samkvæmt framtíðar landnotkun ekki hafin innan viðkomandi svæðis eða í næsta nágrenni við viðkomandi rekstraraðila.“ (bls. 133)

Vegna úrskurðar ÚUA um starfsleyfi SKOTREYNAR frá 30. desember 2022, er óvissa um hvort þessar forsendur einar haldi og þá einnig fyrir starfsleyfi SR. Því eru nú lagðar til breytingar á aðalskipulaginu sem skerpa frekar á þessum forsendum sbr. umræddur úrskurður.

⁶ Aðalskipulag er jafnan stefnumarkandi um framtíðar landnotkun til langrar framtíðar á mörgum þróunarsvæðum, sem bíður frekari útfærslu með gerð deiliskipulag þegar komið er að uppbyggingu viðkomandi svæðis, e.t.v. 5, 10 eða jafnvel 15 árum eftir staðfestingu skipulagsins. Í ljósi þessa er mikilvægt og eðlilegt að gera grein fyrir réttarstöðu þeirrar byggðar og starfsemi sem er til staðar á viðkomandi þróunarsvæðum, en á að vika er fram líða stundir vegna stefnu aðalskipulags um framtíðar landnotkun. Það er, brýnt er að upplýsa eins og kostur hvenær rekstraraðilar, lóðarhafar og fasteignaeigendur megi vænta þeirra breytinga sem boðaðar eru.

3. Markmið og tilgangur

Megin markmið tillögugerðar:


- Að tryggja aðstöðu fyrir Skotfélag Reykjavíkur og Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, meðan unnið er að því að finna framtíðarstað fyrir skotæfingar og íþróttamiðstöð skotíþrótta á höfuðborgarsvæðinu.
- Að skapa tímabundna landnotkunarheimild og skilgreina núverandi skotæfingasvæði á Álfsnesi sem íþróttasvæði (ÍÞ) til skemmri tíma litið.
- Að leita leiða til að draga úr og lágmarka umhverfisáhrif frá skotæfingasvæðunum, meðan þau eru staðsett á Álfsnesi.

4. Stefna og skipulagsákvæði til endurskoðunar – drög að tillögum

Í samræmi við ofangreint er lagt til að gerðar verði eftirfarandi breytingar á aðalskipulaginu:

Í kafla 20. *Tímabundin ákvæði um landnotkun*, í greinargerð AR2040, bætist við nýr kafla 20.5. Svæði fyrir skotíþróttir á Álfsnesi (Íþ9), með eftirfarandi texta:

„Starfsemi skotæfinga og skotíþróttar er heimil innan afmarkaðs íþróttasvæðis (Íþ9), sbr. mynd 21 til skemmri tíma eða til ársloka og verður hægt að gefa út starfsleyfi vegna þeirrar starfsemi í samræmi við það. Staðarval skotæfingasvæða til lengri framtíðar litið, og þá í mögulegu samstarfi við önnur skotfélög á höfuðborgarsvæðinu, verður til athugunar næstu misseri í samráði við viðeigandi aðila. Ljóst er að sú vinna, skipulagsbreytingar og mat á umhverfisáhrifum og undirbúningur framkvæmda getur tekið drjúgan tíma og því mikilvægt að skapa ákveðnari forsendur í aðalskipulaginu fyrir núverandi starfsemi til skemmri tíma litið.“



Mynd 3. *Tímabundin landnotkun íþróttasvæðis (Íþ9)*. Í endanlegri tillögur verður svæðið mögulega afmarkað þrengra.

Einnig verði bætt við nýrri mynd í umræddan kafla, sbr. mynd 3 hér að ofan, sem fengi númerið 21 í greinargerð AR2040:

Ennfremur verði gerðar eftirfarandi breytingar á kafla 10. *Opin svæði til sérstakra nota*, í greinargerð AR2040:

Bætt verði við lista yfir íþróttasvæði (Íþ), bls. 105:

Íþ9. Skotæfingasvæði Álfsnesi, tímabundin notkun (sjá nánar kafla. 20.5)

Bætt verði við skilgreiningu OP28. Önnur opin svæði á bls. 107, eftirfarandi setningu:

Á svæði OP28 á Álfsnesi er heimil starfsemi skotíprótta og skotæfinga til skemmri tíma litið, sjá nánar kafla 20.5. Heimilt er að gefa út ný starfsleyfi vegna starfseminnar í samræmi við það.“

Við kafla 8.2 *lönaðarsvæði (I2), Álfsnes-Kollafjörður* (bls. 103) bætist við eftirfarandi, sbr. einnig skilgreining í gildandi aðalskipulagi:

„Á svæði I2 er heimil starfsemi skotíprótta og skotæfinga til skemmri tíma litið, sjá nánar kafla 20.5. Heimilt er að gefa út ný starfsleyfi vegna starfseminnar í samræmi við það.“

5. Umhverfisáhrif aðalskipulagsbreytingar


Skotíþóttavellir eða skotæfingasvæði eru ekki tilgreind sérstaklega í Viðauka 1 í lögum nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Eftir sem áður er eðlilegt að gera grein fyrir mögulegum umhverfisáhrifum í fyrirhugaðri aðalskipulagsbreytingu. Þar sem skotæfingasvæðin í Álfsnesi hafa verið starfrækt um langt skeið liggur fyrir vitneskja um helstu umhverfisáhrif á nærliggjandi svæði, sbr. umkvartanir íbúa og athuganir Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (sjá til dæmis *Rannsókn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur á blý- og hávaðamengun vegna skotvalla á Álfsnesi 2020*). Við útgáfu starfsleyfa hafa verið sett fram ýmis skilyrði og tillögur um aðgerðir til að lágmarka neikvæð umhverfisáhrif (sjá *Viðauka*). Fyrirhuguð breyting, sem felur það í sér að núverandi og óbreytt starfsemi verði áfram á svæðinu til skemmri tíma, mun ekki leiða til nýrra eða aukinna umhverfisáhrifa. Markmiðið er að við mótun tillögunnar verði leitað leiða til að draga enn frekar úr umhverfisáhrifum frá skotvöllum og skerpa á því við útgáfu starfsleyfa. Neðangreind umfjöllun byggir á þeim gögnum og upplýsingum sem þegar liggja fyrir um líkleg umhverfisáhrif.

Helstu umhverfisáhrif (drög):

Skotvöllir eru í eðli sínu starfsemi sem hefur neikvæð umhverfisáhrif og getur verið mengandi. Umhverfisáhrif skotvalla eru einkum af tvennum toga, hávaði og ónæði og möguleg mengun af völdum hagla og skota.

Hávaði: Starfsemi skotvalla fylgir hávaði og ónæði. Hávaðinn ræðst af gerð byssu og skota og náttúrulegum aðstæðum t.d. hvort landslag getur skýlt fyrir áhrifum og hvort bergmál getur orðið. Til að draga úr áhrifum af völdum hávaða má beita ýmsum ráðum s.s. að gera hljóðveggi eða -manir við skotvöllinn, nota hljóðísogandiefni í skothúsum, breyta skotstefnu til að minnka hávaðaónæði eins og því verður við komið, nota hlóðdeyfa þegar það er hægt eða takmarka opnunartíma. Við velli SR eru hljóðmanir en þær gera takmarkað gagn og mætti skoða með frekari aðgerðir, byggðar á útreikningum og hönnun, til að draga úr hávaða. Einnig ætti að athuga með að bæta við hljóðeinangrandi eða ísogandi efni í riffilskothús. Á velli Skotreynar ætti að skoða vel möguleika á að snúa skotstefnu en vísbendingar eru úr hljóðmælingu HER um að færsla skotstefnu til NA gæti dregið úr hávaða frá starfseminni.

Mengun: Skotum og höglum fylgir mengun. Helst er hún út frá málmum og efnasamböndum í skotunum og höglum, einkum meðan blý var algengt. Á starfstíma skotvallanna hafa verið notuð haglaskot með blýhöglum sem dreifast í ákveðinn skotgeira út frá byssunni. Það hefur dregið úr notkun skota með blýhöglum og líklega hafa þau ekki verið hátt hlutfall skota á síðustu árum, þó ekki liggi fyrir nákvæmar upplýsingar um það. Notkun blýhagla var bönnuð frá og með starfsleyfum gefnum út árin 2021 og ekkert bendir til þess að notkun þeirra verði leyfð á ný. Riffilskot fara í jarðvegsbana að baki skotmarki og sitja þar og er hægt að hreinsa þau úr bananum þegar og ef ástæða þykir til. Högl frá haglaskotum dreifast í ákveðinn geira út frá byssunni við hvert skot, háð veðri og vindum. Þessi dreifing nær alveg út að strandlengjunni og út í sjó og veldur því mengun í jarðvegi, á ströndu og í sjó og getur hún einnig hafa borist lífríki t.d. smádyr og hryggleysingja og fugla sem nýta þá sem fæðu, en ekki hafa verið gerðar rannsóknir á því. Æskilegt væri að á skotvöllum sjálfum væri efni sem bindur mengunin og auðvelt væri að hreinsa svo unnt væri að fjarlægja mengunina. Eins væri æskilegt að hreinsa högl af landi, úr fjöru og sjó ef til þess væru tækifæri og aðstæður.



7. Samráð og kynningar

Hér að neðan er gerð grein fyrir helstu skrefum í mótun tillögunnar, en áfangaskipting vinnunnar miðast við opinberar kynningar samkvæmt skipulagslögum. Gert er ráð fyrir að kynningarferli verklýsingar og drög að tillögum falli saman í tíma, enda um einfalda breytingu að ræða og tímabundna landnotkunarheimild að ræða og allar lykil upplýsingar koma fram í viðkomandi skjali

- Áformuð tillögugerð kynnt með verklýsingu (sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga, ásamt fyrstu drögum að tillögu (sbr. 2. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010). Skjalið verður auglýst í fjölmiðlum, sent til skilgreindra hag- og umsagnaraðila og gert aðgengilegt á vef borginnar. Gefinn verður ákveðinn frestur til að koma með ábendingar og athugasemdir. Boðið verður uppá fundi fyrir hagsmuna- og umsagnaraðila sem þess óska. **Mars 2023.**
- Samþykkt tillaga, ásamt umhverfisskýrslu, send til athugunar hjá Skipulagsstofnun. **Apríl 2023**
- Aðalskipulagsbreyting auglýst. Breytingartillögur kynntar í 6 vikur og óskað eftir skriflegum athugasemdum (sbr. 3. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010). **Maí 2023**
- Afgreiðsla tillögu að lokinni auglýsingu. **Júní 2023**

8. Umsagnar- og hagaðilar

Umsagnar- og samráðsaðilar verða a.m.k. eftirtaldir:

Umsagnaraðilar	Hagaðilar
Íbúaráð Kjalarness	Íbúasamtök Kjalarness
Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins	Sorpa
Kópavogsbær	Björgun
Garðabær	Veitur
Hafnarfjarðarkaupstaður	Skotfélag Reykjavíkur
Seltjarnarneskaupstaður	Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis
Mosfellsbær	Skotíþróttasamband Íslands
Kjósarhreppur	Skotvís
Bláskógabyggð	Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu
Grímsnes- og Grafningshreppur	Íbúar og landeigendur á áhrifasvæði
Ölfushreppur	skotæfingasvæðis
Skipulagsstofnun	
Umhverfisstofnun	
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur	
Minjastofnun	
Faxaflóahafnir	
Vegagerðin	
Náttúrufræðistofnun Íslands	
Borgarsögusafn	

9. Viðaukar

Erindisbréf starfshóps borgarstjóra dagsett 13. janúar 2023, „Starfshópur um framtíðarlausn á uppbyggingu og staðsetningu skotíþróttu.

Starfsleyfi Skotfélags Reykjavíkur, ásamt starfsleyfisskilyrðum, dagsett 25. janúar 2023.

Starfsleyfi Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis, dagsett 26. júlí 2022 (felld úr gildi 30. desember 2022)



ERINDISBRÉF

Starfshópur um framtíðarlausn á uppbyggingu og staðsetningu fyrir skotíþróttir

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjóri

Inngangur:

Á Álfsnesi eru starfandi tvö skotfélög, Skotfélag Reykjavíkur (SR) sem er íþróttafélag, elsta íþróttafélag í Reykjavík, og Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis (SKOTREYN) sem er félag skotveiðimanna. Ekki hefur verið sátt um staðsetningu skotvallanna og hafa íbúar verið ósáttir og kvartað undan hávaðamengun og jarðvegsmengun og kært starfsleyfi til Úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Ljóst er að Sundabraut fer um þetta svæði. Því þarf að huga að framtíðarstaðsetningu fyrir íþróttamiðstöð skotíþróttar og hvenær áætlað er að flutningur skotvalla frá Álfsnesi geti átt sér stað.

Hlutverk og helstu viðfangsefni:

Hlutverk starfshópsins er að leggja fram tillögur að framtíðar staðsetningu fyrir íþróttamiðstöð skotíþróttar sem hentar slíkri samstarfi í samræmi við 13. gr. íþróttalaga, í samráði við sveitarstjórnar á höfuðborgarsvæðinu gegnum SSH, íþróttahreyfinguna, skotfélögin og íslenska ríkið. Mannvirki Íþróttamiðstöðvar skotíþróttar yrðu reist utan alfaraleiða og fjarri byggð og nýtist öllum skotíþróttafélögum á höfuðborgarsvæðinu og víðar.

Starfshópurinn/stýrihópurinn skipa:

Haraldur Sigurðsson, fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs, formaður

Eiríkur Björn Björgvinsson, fulltrúi Menningar- og íþróttasviðs

Rósa Magnúsdóttir, fulltrúi heilbrigðiseftirlits Reykjavíkurborgar

Starfsmaður/verkefnisstjóri starfshópsins:

Vigdís Þóra Sigfúsdóttir, fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs

Til ráðgjafar og samstarfs:

Starfshópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstímabil og skil:

Starfshópurinn skili ábyrgðaraðila kostnaðarmetnum tillögum fyrir lok 1. júní 2023.

Reykjavík 13. janúar 2023

Dagur B. Eggertsson
borgarstjóri



Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

TÍMABUNDIÐ STARFSLEYFI

fyrir skotvöll (Skotfélag Reykjavíkur) að Álfsnesi.

Nafn leyfishafa: Skotfélag Reykjavíkur

Heimilisfang: Engjavegur 6

Póstnúmer: 104

Kennitala: 600269-2919

Útgáfudagur leyfis: 25. janúar 2023

Gildir til: 25. janúar 2025

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi og með sértækum starfsleyfisskilyrðum fyrir Skotfélag Reykjavíkur, kt. 600269-2919, fyrir skotvöll í Álfsnesi, dags. 25. janúar 2023.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 25. janúar 2023


Óskar Björn Spurdsson
HEILBRIGÐISEFTIRLIT
REYKJAVÍKUR



Starfsleyfisskilyrði fyrir Skotfélag Reykjavíkur, kt. 600269-2919, fyrir skotvöll í Álfsnesi

1. Gildissvið

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir starfsemi Skotfélags Reykjavíkur, kt: 600269-2919 í Álfsnesi, hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Til viðbótar við starfsleyfisskilyrði þessi ber að fylgja, eins og við á, ákvæðum almennra starfsleyfisskilyrða heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi ásamt öðrum lögum og reglugerðum sem eiga við um starfsemina.
- 1.2 Starfsleyfið gildir til 25. janúar 2025.
- 1.3 Starfsleyfið gildir fyrir rekstur skotvallar utandyra og allra mannvirkja er tengjast skotiðkun.
- 1.4 Starfsleyfið skal endurskoða ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út. Sömuleiðis skal endurskoða leyfið ef fram koma auknar kröfur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr umhverfisáhrifum án óhóflegs kostnaðar.
- 1.5 Verði veruleg breyting á rekstrinum sem gæti leitt til aukinnar mengunar ber rekstraraðila að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.b. til að knýja á um úrbætur.
- 1.7 Opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer fram skv. gr. 57 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.8 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.9 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af starfsleyfiskilyrðum skulu ávallt vera tiltæk á starfsstöðinni og ber rekstraraðili ábyrgð á því að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.
- 1.10 Almennur á rétt á upplýsingum um starfsleyfi og starfsleyfisumsókn í samræmi við ákvæði IV viðauka reglugerðar nr. 550/2018. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur birtir þær upplýsingar og niðurstöður eftirlits opinberlega. Birtingin er á vefsíðu embættisins eða með öðrum aðgengilegum hætti.

2. Notkun á blýi og leirdúfum

- 2.1 Notkun blýhagla er óheimil.
- 2.2 Notast skal við blýlaus riffilskot þegar því er við komið.
- 2.3 Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons)



3. Hávaðavarnir

- 3.1 Rekstraraðili er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða, t.d. með notkun hljóðisogsefna, svo sem hljóðmana, hljóðeinangrandi veggja, klefa eða annarra hljóðeinangrandi hindrana. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur getur takmarkað opnunartíma eða gert ítarlegar kröfur um hávaðavarnir ef starfsemin veldur ónæði í umhverfinu umfram það sem eðlilegt má teljast.
- 3.2 Nota skal hljóðdeyfa í riffilskotfimi þegar því verður viðkomið.
- 3.3 Huga skal að skotstefnu þannig að hún beinist frá íbúðabyggð, til að minnka eins og kostur er ónæði af völdum hávaða.
- 3.4 Rekstraraðili skal í samráði við HER vinna að raunhæfum úrbótum til að minnka hávaða og ónæði frá starfseminni á gildistíma starfsleyfisins.

4. Opnunartími skotvalla

- 4.1 Opnunartími skal takmarkaður til að draga úr áhrifum af völdum hávaða. Þannig skulu skotæfingar heimilar skv. eftirfarandi:
 - 4.1.1 Mánudaga og fimmtudaga frá kl. 10-21, þriðjudaga og miðvikudaga frá kl. 10-19 og á laugardögum frá kl. 10-16.
 - 4.1.2 Heimilt er að halda skotkeppnir allt að fjórum sinnum á ári með rýmri skottíma eða frá 10-19 á föstudögum, laugardögum og/eða sunnudögum, þó má mót ekki ná yfir fleiri en tvo daga samfelt. Einungis er heimilt að halda eitt slíkt mót í hverjum mánuði. Tilkynna skal um skotkeppnir til Heilbrigðiseftirlitsins með a.m.k. 14 daga fyrirvara og auglýsa á heimasíðu rekstraraðila með minnst sama fyrirvara. Verði að fresta móti vegna veðurs má halda það við fyrsta hentugleika í samræmi við það sem fram kemur að ofan. Tilkynna skal slíka breytta tímasetningu strax og hún liggur fyrir.
 - 4.1.3 Skotæfingar og skotkeppnir eru bannaðar á; aðfangadag eftir kl 12:00, jóladag, nýársdag, föstudaginn langa og páskadag.
 - 4.1.4 Heimilt er að sækja um rýmri skottíma fyrir riffila úr riffilhúsi með hljóðdeyfum að undan genginni hljóðmælingu (framkvæmd af eða undir eftirliti Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur) sem sýnir að hljóðstig við íbúðarhús mælist lægra en 45 dB (LAeq). Lengsti mögulegi opnunartími, sem hægt er að sækja um, fyrir riffila með hljóðdeyfi er kl. 19-22 mánudaga til fimmtudaga og á laugardögum frá kl. 16-22.

5. Skráningar

- 5.1 Rekstraraðila ber að hafa eigið eftirlit með starfseminni og halda skrá um eftirfarandi þætti:
 - 5.1.1 Hvenær æfingar fara fram á vellinum.
 - 5.1.2 Fjölda leirdúfa sem notaðar eru og tegund þeirra.
 - 5.1.3 Fjölda riffilskota sem innihalda blý á ári.

Þessar skrár skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.



6. Ýmislegt

- 6.1 Almenn hreinsun á svæðinu skal fara fram að minnsta kosti einu sinni á ári þar sem tóm skothylki, forhlöð, leirdúfurestar og annað sorp er hreinsað af svæðinu.
- 6.2 Brot gegn leyfilegum opnunartíma getur varðað starfsleyfissviptingu.
- 6.3 Við hvert skotsvæði/völl skal vera sorpílát fyrir tóm skothylki.
- 6.4 Leggja skal yfirborðslag úr jarðefni sem bindur vel þungmálma og er auðhreinsanlegt á ný og eldri skotæfingasvæði þar sem blý og aðrir þungmálmar úr skotum geta dreifst. Samráð skal haft við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur með val á efni og þykkt yfirborðslags.
- 6.5 Heilbrigðiseftirlitið getur fyrirskipað að mæla skuli hversu langt þungmálamamengun frá haglaskotum hefur borist innan skotvalla og í skotgeira út frá þeim, í samræmi við áætlaða drægni haglanna. Fyrirskipi Heilbrigðiseftirlitið mælingar skal senda tillögu að því hver og hvernig framkvæma á sýnatöku og hvaða aðili sjái um mælingar á sýnunum til Heilbrigðiseftirlitsins til samþykktar. Miða skal við að mældur sé styrkur a.m.k. eftirfarandi þungmálama: antimón (Sb), arsen (As), kadmíum (Cd), kóbalt (Co), króm (Cr), kopar (Cu), blý (Pb), mólýbden (Mo), nikkell (Ni), tin (Sn), vanadíum (V), og sink (Zn). Senda skal niðurstöður mælinga til Heilbrigðiseftirlitsins strax og þær liggja fyrir. Heilbrigðiseftirlitið metur niðurstöðurnar og hvort og þá til hvaða ráðstafana skuli grípa m.a. út frá rg. nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

7. Starfsemi hætt

- 7.1 Flytji starfsemin eða leggist niður skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemin hefur til umráða ásamt áhrifasvæði starfseminnar. Hreinsunin skal fara fram í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.
- 7.2 Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili hefur til umráða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. þessu starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrr en úttekt Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hefur farið fram og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur metið hreinsunina fullnægjandi.

Samþykkt á 137 fundi heilbrigðisnefndar Reykjavíkur 25. janúar 2023.



Reykjavíkurborg
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

TÍMABUNDIÐ STARFSLEYFI

fyrir skotvöll í Álfsnesi.

Nafn leyfishafa: Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis

Heimilisfang: Pósthólf 8485

Póstnúmer: 128

Kennitala: 440687-1809

Útgáfudagur leyfis: 26. júlí 2022

Gildir: 31. október 2026

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, kt. 440687-1809, fyrir skotvöll í Álfsnesi og almennum starfsleyfisskilyrðum heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi.

Fyrirhugaðar breytingar á húsnaði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skyld er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, 26. júlí 2022



Starfsleyfisskilyrði fyrir Skotveiðifélag Reykjavíkur og nágrennis, kt. 440687-1809, fyrir skotvöll í Álfsnesi

1. Gildissvið

- 1.1 Starfsleyfi þetta gildir fyrir starfsemi Skotveiðifélags Reykjavíkur og nágrennis, kt: 440687-1809 í Álfsnesi, hér eftir nefnt rekstraraðili. Starfsleyfið er gefið út í samræmi við lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, með síðari breytingum og reglugerð nr. 724/2008 um hávaða. Til viðbótar við starfsleyfisskilyrði þessi ber að fylgja, eins og við á, ákvæðum almennra starfsleyfisskilyrða heilbrigðisnefndar Reykjavíkur fyrir mengandi starfsemi ásamt öðrum lögum og reglugerðum sem eiga við um starfsemina.
- 1.2 Starfsleyfið gildir frá 26. júlí 2022 til 31. október. 2026.
- 1.3 Starfsleyfið gildir fyrir rekstur skotvallar utandyra og allra mannvirkja er tengjast skotiðkun.
- 1.4 Starfsleyfið skal endurskoða ef mengun af völdum starfseminnar er meiri en búast mátti við þegar starfsleyfið var gefið út. Sömuleiðis skal endurskoða leyfið ef fram koma breytingar á viðkomandi reglugerðum, auknar kröfur um mengunarvarnir eða ef breytingar verða á bestu fánlegu tækni sem gera það kleift að draga umtalsvert úr umhverfisáhrifum án óhóflegs kostnaðar.
- 1.5 Verði veruleg breyting á rekstrinum sem gæti leitt til aukinnar mengunar ber rekstraraðila að sækja um starfsleyfi að nýju.
- 1.6 Fylgi rekstraraðili ekki ákvæðum starfsleyfis, laga og reglugerða um mengunarvarnir á starfsviði sínu eða fyrirmælum eftirlitsaðila um úrbætur getur eftirlitsaðili beitt ákvæðum XVII kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, m.s.b. til að knýja á um úrbætur.
- 1.7 Opinbert eftirlit heilbrigðisnefndar Reykjavíkur með starfsleyfisskyldri starfsemi fer fram skv. gr. 57 í reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
- 1.8 Rekstraraðili ber ábyrgð á umhverfistjóni eða yfirvofandi hættu á slíku tjóni af völdum atvinnustarfsemi sinnar sbr. lög nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð og skal koma í veg fyrir tjón eða bæta úr tjóni ef það hefur orðið og bera kostnað af ráðstöfunum sem af því leiðir.
- 1.9 Starfsleyfi skal vera sýnilegt með áberandi hætti á starfsstöðinni. Eintak af starfsleyfisskilyrðum skulu ávallt vera tiltækt á vinnustað og skal rekstraraðili bera ábyrgð á að efni þeirra sé kynnt viðkomandi starfsmönnum.

2. Notkun á blýi og leirdúfum

- 2.1 Notkun blýhagla er óheimil.
- 2.2 Óheimilt er að nota leirdúfur með tjörubindiefni og leitast skal við að nota leirdúfur með sem minnstu innihaldi af PAH (polycyclic aromatic hydrocarbons)



3. Hávaðavarnir

- 3.1 Rekstraraðila er skylt að gera allt sem í hans valdi stendur til að koma í veg fyrir heilsuspillandi hávaða og ónæði af völdum hávaða, t.d. með notkun hljóðisogsefna, svo sem hljóðmana, hljóðeinangrandi veggja, klefa eða annarra hljóðeinangrandi hindrana. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur getur takmarkað opnunartíma eða gert ítarlegar kröfur um hávaðavarnir ef starfsemin veldur ónæði í umhverfinu umfram það sem eðlilegt má teljast.
- 3.2 Huga skal að skotstefnu þannig að hún beinist frá íbúðabyggð, til að minnka eins og kostur er ónæði af völdum hávaða.
- 3.3 Félagið skal skila til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur raunhæfum tillögum að úrbótum til að minnka hávaðaónæði af starfseminni sem m.a. en ekki eingöngu geta tekið til notkunar á hljóðisogsefnum við skotvelli og breytta skotstefnu svo fljótt sem hægt er og eigi síðar en 31. október 2023. Eftir föngum skal taka mið af skipulagsmálum, m.a. boðaðri vinnu við sérstaka breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur sem nær til Kjalarness, Álfsness og fleiri strjálbýlla svæða.

4. Opnunartími athafnasvæðis

- 4.1 Opnunartími skal takmarkaður til að draga úr áhrifum af völdum hávaða. Þannig skulu skotæfingar heimilar skv. eftirfarandi:
 - 4.1.1 Mánudaga og fimmtudaga frá kl. 10-21, þriðjudaga og miðvikudaga frá kl. 10-19 og laugardaga frá kl. 10-16.
 - 4.1.2 Heimilt er að halda skotkeppnir allt að fjórum sinnum á ári með rýmri skottíma eða frá kl. 10-19 á föstudögum, laugardögum og/eða sunnudögum, þó má mót ekki ná yfir fleiri en tvo daga samfellt. Einungis er heimilt að halda eitt slíkt mót í hverjum mánuði. Tilkynna skal um slíka viðburði til Heilbrigðiseftirlitsins og auglýsa á heimasíðu rekstraraðila með minnst 14 daga fyrirvara.
 - 4.1.3 Skotæfingar og skotkeppnir eru bannaðar á; aðfangadag eftir kl 12:00, jóladag, nýársdag, föstudaginn langa og páskadag.

5. Skráningar

- 5.1 Rekstraraðila ber að hafa eigið eftirlit með starfseminni og halda skrá um eftirfarandi þætti:
 - 5.1.1 Hvenær æfingar fara fram á vellinum.
 - 5.1.2 Fjöldi leirdúfa sem notaðar eru og tegund þeirra.

Þessar skrár skulu vera aðgengilegar eftirlitsaðila.

6. Ýmislegt

- 6.1 Almenn hreinsun á svæðinu skal fara fram að minnsta kosti einu sinni á ári þar sem tóm skothylki, forhlöð, leirdúfurestar og annað sorp er hreinsað af svæðinu.
- 6.2 Brot gegn leyfilegum opnunartíma getur varðað starfsleyfissviptingu.
- 6.3 Við hvert skotsvæði/völl skal vera sorpílát fyrir tóm skothylki.



- 6.4 Leggja skal yfirborðslag úr jarðefni sem bindur vel þungmálma og er auðhreinsanlegt á ný og eldri skotæfingasvæði þar sem blý og aðrir þungmálmar úr skotum geta dreifst. Samráð skal haft við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur með val á efni og þykkt yfirborðslags.
- 6.5 Heilbrigðiseftirlitið getur fyrirskipað að mæla skuli hversu langt þungmálamengun frá haglaskotum hefur borist innan skotvalla og í skotgeira út frá þeim, í samræmi við áætlaða drægni haglanna. Fyrirskipi Heilbrigðiseftirlitið mælingar skal senda tillögu að því hver og hvernig framkvæma á sýnatöku og hvaða aðili sjái um mælingar á sýnunum til Heilbrigðiseftirlitsins til samþykktar. Miða skal við að mældur sé styrkur a.m.k. eftirfarandi þungmálama: antímon (Sb), arsen (As), kadmíum (Cd), kóbalt (Co), króm (Cr), kopar (Cu), blý (Pb), mólýbden (Mo), nikkell (Ni), tin (Sn), vanadíum (V), og sink (Zn). Senda skal niðurstöður mælinga til Heilbrigðiseftirlitsins strax og þær liggja fyrir. Heilbrigðiseftirlitið metur niðurstöðurnar og hvort og þá til hvaða ráðstafana skuli grípa m.a. út frá rg. nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

7. Starfsemi hætt

- 7.1 Flytji starfsemin eða leggist niður skal rekstraraðili hreinsa svæðið sem starfsemin hefur til umráða ásamt áhrifasvæði starfseminnar. Hreinsunin skal fara fram í samráði við Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur.
- 7.2 Hreinsun svæðisins, sem rekstraraðili hefur til umráða og áhrifasvæðis, eftir að starfsemi skv. þessu starfsleyfi hefur verið hætt telst ekki lokið fyrr en úttekt Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur hefur farið fram og Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur metið hreinsunina fullnægjandi.



Reykjavíkurborg

Umhverfis- og
skipulagssvið